

Mál nr. 12/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar.**

Ágreiningur um bótaskyldu úr slysatryggingu.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 28.1.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 11.2.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M kvaðst hafa hrasað í tröppu heima hjá sér í byrjun febrúar 2007 og hlotið við það áverka á hægra hné. Áverkarnir hafi verið þrálátir og hafi hann leitað læknis þann 16. febrúar 2007.

Í læknisvottorði A heilsugæslulæknis, dags. 10. september 2007, segir að M hafi leitað fyrrgreindan dag á heilsugæslustöð með tveggja vikna sögu um bólgu, verki og eymsli í hægri fæti eftir áverka er hann hlaut við byltuna. Hann hafi verið mjög aumur og merki um slæma liðbólgu í hægra hné, en þó ekki merki um sýkingu. M sé með psoriasis sjúkdóm og því sé liðbólga eftir áverkann verri en ella. Reyndar sé ekki staðfest að M sé með psoriasis liðsjúkdóm. Þann 6. mars kom M að nýju og var óvenju slæmur í hnénu. Þann 21. mars var gerð segulóm skoðun á hnénu og segir í vottorði læknisins að “krossbönd og collateral ligamentin eru þá heil, það er hins vegar stór rifa í mediala liðþófanum, niður á tibia yfirborð menisksins dorsalt og gengur rifan fram eftir allri lengd menisksins aftan til, teygir sig fram undir miðjan menisk en menisknum er þannig þrýst utan í liðglufunni medíalt. Það er mikill vökvi þá í liðnum og miklar skemmdir á liðbrjóski patellunnar.” Í framhaldi þessa var M vísað til bæklunarlæknis.

Í læknisvottorði B bæklunarlæknis, dags. 27. september 2007, segir að M hafi fyrst komið til hans 26. mars 2007. M hafi fengið einhverja bólgu í hnéð fyrir ári síðan og við skoðun greindan dag sagðist hann hafa fengið smá sýkingu í hægra hné og verið meðhöndlaður með sýklalyfjum. Sýkingin hafi horfið, en síðan af og til verið að fá óþægindi frá hnénu, verki og stundum bólguköst. Við skoðunina hafi hann verið slæmur í upp undir tvo mánuði og mjög slæmur síðustu vikurnar fyrir skoðun. Röntgenmyndir hafi sýnt byrjandi slit í hnénu en einnig rifu í liðþófa í hægra hné. Gekkst M svo undir speglun tvívegis., 25. apríl og 11. júlí 2007. Við fyrri speglunina var liðþófinn tekinn að hluta. Í niðurlagi vottorðsins segir að verið geti að M hafi rífið liðþófan við einhvern áverka en slitið hafi ekki komið vegna áverka.

M hefur krafist viðurkenningar á bótaskyldu úr slysatryggingu sem hann hefur hjá Vátryggingafélaginu X, en félagið hefur neitað bótaskyldu.

Álit.

Í málinu nýtur engra gagna við um það atvik er M kveðst hafa hrasað í tröppu á heimili sínu. Engin matsgerð eða önnur sönnunargögn liggja fyrir í málinu um það hverjir kunna að vera óyggjandi áverkar af völdum atviksins. Af framangreindum læknisvottorðum verður ekki ráðið með fullri vissu að hann hafi þá hlotið áverka sem leitt geta til bóta úr slysatryggingunni. Við svo

búið verður að telja ósannað að M hafi hlotið áverka á hægra hné af völdum slyss sem er bótaskyldt úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu hjá X.

Reykjavík, 4. mars 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.